

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/628****2020/EES/16/21****frá 8. apríl 2019****um fyrirmyndir að opinberum vottorðum fyrir tiltekin dýr og vörur og um breytingu á reglugerð (EB)  
nr. 2074/2005 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 að því er varðar þessar fyrirmyndir að  
vottorðum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) <sup>(1)</sup>, einkum a-, c- og e-lið fyrstu málsgreinar 90. gr. og 3. mgr. 126. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um opinbert eftirlit og aðra eftirlitsstarfsemi sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna inna af hendi til að staðfesta að farið sé að tilskildum ákvæðum í löggjöf Sambandsins, þar með talið m.a. á sviði matvælaöryggis á öllum stígum framleiðslu-, vinnslu- og dreifingarferlisins. Einkum er þar kveðið á um opinbera vottun þegar það er talið viðeigandi til að tryggja að farið sé að reglum ESB um dýr og vörur.
- 2) Ákvæði a-liðar fyrstu málsgreinar 90. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja, með framkvæmdargerðum, reglur um fyrirmyndir að opinberum vottorðum og reglur um útgáfu slíkra vottorða þegar ekki er mælt fyrir um kröfur í reglunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Sendingum af dýrum og vörum skal fylgja opinbert vottorð sem er annað hvort útgefið á pappír eða á rafrænu formi. Því þykir rétt að setja sameiginlegar kröfur að því er varðar útgáfu opinberra vottorða í báðum tilvikum, til viðbótar við kröfurnar sem mælt er fyrir um í VII. kafla II. bálks reglugerðar (ESB) 2017/625.
- 4) Fyrirmyndir að vottorðum eru fyrir hendi í rafræna Traces-kerfinu, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/623/EB <sup>(2)</sup>, til að greiða fyrir og hraða stjórnsýslumeðferð á landamærum Sambandsins og til að gera rafræn samskipti milli lögbærra yfirvalda möguleg sem hjálpar til við að koma í veg fyrir hugsanleg svik eða villandi viðskiptahætti að því er varðar opinberu vottorðin.
- 5) Umtalsverð þróun hefur orðið í tölvutækni frá 2003 og Traces-kerfinu hefur verið breytt til að bæta gæði, vinnslu og örugg gagnaskipti. Þar af leiðandi ætti að aðlaga snið fyrirmynda að vottorðum og athugasemdir varðandi útfyllingu þeirra, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að Traces-kerfinu, t.d. með því að endurspegla notkun á mörgum númerum úr sameinuðu nafnaskránni (SN-númer) eða bjóða upp á rekjanleika þríhliða viðskipta þegar sendingarlandið er ekki upprunaland sendingarinnar.
- 6) Samkvæmt 4. mgr. 133. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 skal fella Traces-kerfið inn í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit (IMSOC). Því ætti að laga fyrirmyndirnar að heilbrigðisvottorðum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit.
- 7) Ákvæði c-liðar fyrstu málsgreinar 90. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 veita framkvæmdastjórninni vald til að mæla fyrir um, með framkvæmdargerðum, reglur um málsmeðferð sem skal fylgja við útgáfu endurnýjunarvottorða.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 101. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/623/EB frá 19. ágúst 2003 um þróun á samþætту tölvuvæddu upplýsingakerfi um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces) (Stjtið. ESB L 216, 28.8.2003, bls. 58).

- 8) Til að forðast rangnotkun og misbeitingu er mikilvægt að skilgreina þau tilvik þar sem gefa má út endurnýjunarvottorð og þær kröfur sem slík vottorð þurfa að uppfylla. Einkum ætti að takmarka slík tilvik við augljós stjórnsýsluleg mistök, s.s. númer sem hafa víxlast í gámanúmeri eða innsigli snúmeri og stafsetningarvillur í heimilisföngum eða vörulýsingum.
- 9) Í c-lið 2. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er fastsett sú krafa að sendingum af tilteknum dýrum og vörum skuli fylgja opinbert vottorð, opinber staðfesting eða aðrar sannanir fyrir því að sendingin uppfylli viðeigandi reglur sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar.
- 10) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 <sup>(3)</sup> er kveðið á um skrá yfir vörur og dýr sem eru ætluð til manneldis, einkum vörur úr dýraríkinu, lifandi skordýr og spírur og fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírum, sem fylgja þarf opinbert vottorð við komu inn í Sambandið ef ætlunin er að setja þau á markað. Til að greiða fyrir opinberu eftirliti við komu inn í Sambandið ætti að mæla fyrir um fyrirmyndir að opinberum vottorðum fyrir slíkar vörur og dýr sem eru ætluð til manneldis í samræmi við a-lið fyrstu málsgreinar 90. gr. og 3. mgr. 126. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.
- 11) Sem stendur er mælt fyrir um fyrirmyndir að vottorðum, sem krafist er af ástæðum er varða lýðheilsu, í ýmsum lagagerðum. Rétt þykir að steypa þessum fyrirmyndum að vottorðum saman í eina lagagerð með því að gera millivísanir í þær.
- 12) Að því er varðar vottun tiltekinna afurða úr dýraríkinu, af ástæðum sem varða heilbrigði dýra, eru notaðar sameiginlegar fyrirmyndir að vottorðum. Endurskoða ætti kröfur um vottun af ástæðum sem varða heilbrigði dýra eigi síðar en 21. apríl 2021 sem er dagurinn þegar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 <sup>(4)</sup> kemur til framkvæmda. Fram að þeirri endurskoðun ætti að halda áfram að nota sameiginlegu fyrirmyndirnar að vottorðunum.
- 13) Af ástæðum sem varða samræmingu og skýrleika ætti að fella inn í þessa reglugerð fyrirmyndir að vottorðum sem er sem stendur mælt fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 <sup>(5)</sup>, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 211/2013 <sup>(6)</sup> og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 <sup>(7)</sup>. Af því leiðir að breyta ætti reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 til samræmis við það og fella reglugerð (ESB) nr. 211/2013 úr gildi.
- 14) Til að greiða fyrir sannpröfun á því að farið sé að kröfum ESB virðist viðeigandi að innleiða fleiri nýjar fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum vegna innflutnings á bræddri dýrafitu og hömsum, skordýrum og skriðdýrakjöti sem ætlunin er að setja á markað. Slíkar fyrirmyndir að vottorðum gera lögbærum yfirvöldum í þriðju löndum líka auðveldara um vik að átta sig á kröfum ESB og greiða því fyrir innflutningi á dýrafitu og hömsum, skordýrum og skriðdýrakjöti til Sambandsins.
- 15) Ákvæði e-liðar fyrstu málsgreinar 90. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykka, með framkvæmdargerðum, reglur um snið skjala sem skulu fylgja dýrum eða vörum eftir að opinbert eftirlit hefur verið innt af hendi. Í samræmi við 5. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/624 <sup>(8)</sup> skulu slík heilbrigðisvottorð fylgja með dýrum í slátruhús eftir að skoðun fyrir slátrun hefur farið fram á upprunabúinu. Af þessum sökum ætti að mæla fyrir um snið slíkra vottorða í þessari reglugerð.

<sup>(3)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (Stjútíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 18).

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjútíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 frá 5. desember 2005 um framkvæmdarráðstafanir, er varða tilteknar afurðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og er varða skipulag opinbers eftirlits samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, um undanþágu frá reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (Stjútíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 27).

<sup>(6)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 211/2013 frá 11. mars 2013 um kröfur varðandi útgáfu vottorða vegna innflutnings til Sambandsins á spírum og fræjum sem eru ætluð til framleiðslu á spírum (Stjútíð. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 26).

<sup>(7)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/759 frá 28. apríl 2016 um skrá yfir þriðju lönd, hluta þriðju landa og yfirráðasvæði þaðan sem aðildarríkin skulu heimila aðflutning til Sambandsins á tilteknum afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis, um að mæla fyrir um kröfur um vottorð, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og um niðurfellingu á ákvörðun 2003/812/EB (Stjútíð. ESB L 126, 14.5.2016, bls. 13).

<sup>(8)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/624 frá 8. febrúar 2019 um sértækar reglur um framkvæmd opinbers eftirlits með framleiðslu á kjöti og með framleiðslu- og umlagningsvæðum fyrir lifandi samlokur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjútíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 1).

- 16) Ef um er að ræða neyðarslátrun utan sláturhúss þykir rétt, af ástæðum sem varða samræmingu og skýrleika, að mæla fyrir um í þessari reglugerð fyrirmynd að vottorði fyrir yfirlýsingu sem (opinber) dýralæknir skal gefa út í samræmi við 6. lið VI. kafla I. þáttar III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 <sup>(9)</sup>.
- 17) Þar eð reglugerð (ESB) 2017/625 gildir frá og með 14. desember 2019 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.
- 18) Rétt þykir að innleiða umbreytingartímabil til að taka tillit til þeirra sendinga af dýrum og vörum sem sendar voru af stað og vottaðar, ef þess var krafist, fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.
- 19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### *1. gr.*

#### **Efni og gildissvið**

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um:

- a) reglur um samræmda beitingu 88. og 89. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, að því er varðar undirritun og útgáfu opinberra vottorða og tryggingar fyrir áreiðanleika opinberra vottorða, til að uppfylla kröfurnar í c-lið 2. mgr. 126. gr. þeirrar reglugerðar,
- b) kröfur um fyrirmyndir að opinberum vottorðum sem eru ekki lögð fram í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit,
- c) kröfur um fyrirmyndir að opinberum vottorðum sem eru lögð fram í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit,
- d) kröfur um endurnýjunarvottorð.

2. Í þessari reglugerð eru einnig settar fram:

- a) fyrirmyndir að opinberum vottorðum vegna komu dýra, afurða úr dýraríkinu, samsettra afurða, kímefna og aukaafurða úr dýrum inn í Sambandið og athugasemdir varðandi útfyllingu þeirra,
- b) sértækar fyrirmyndir að opinberum vottorðum vegna komu eftirfarandi dýra og vara, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið og setningar þeirra á markað:
  - i. afurðir úr dýraríkinu sem slíkra vottorða er krafist fyrir í samræmi við 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625,
  - ii. lifandi skordýr,
  - iii. spírur og fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírum,
- c) fyrirmyndir að opinberum vottorðum ef um er að ræða skoðun fyrir slátrun á upprunabúinu eða ef um er að ræða neyðarslátrun utan sláturhúss.

##### *2. gr.*

#### **Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „setning á markað“: setning á markað eins og hún er skilgreind í 8. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.178/2002 <sup>(10)</sup>,

<sup>(9)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

<sup>(10)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

- 2) „spírur“: spírur eins og þær eru skilgreindar í a-lið 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2013 <sup>(1)</sup>,
- 3) „sláturhús“: sláturhús eins og það er skilgreint í lið 1.16 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 4) „nýtt kjöt“: nýtt kjöt eins og það er skilgreint í lið 1.10 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 5) „kjöt“: kjöt eins og það er skilgreint í lið 1.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 6) „alifuglar“: alifuglar eins og þeir eru skilgreindir í lið 1.3 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 7) „villt veiðidýr“: villt veiðidýr eins og þau eru skilgreind í lið 1.5 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 8) „egg“: egg eins og þau eru skilgreind í lið 5.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 9) „eggjaafurðir“: eggjaafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 7.3 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 10) „unnar kjötvörur“: unnar kjötvörur eins og þær eru skilgreindar í lið 1.15 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 11) „kjötafurðir“: kjötafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 7.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 12) „meðhöndlaðir magar, þvagblöðrur og þarmar“: meðhöndlaðir magar, þvagblöðrur og þarmar eins og þau eru skilgreind í lið 7.9 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 13) „samlokur“: samlokur eins og þær eru skilgreindar í lið 2.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 14) „lagarafurðir“: lagarafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 3.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 15) „hrámjólk“: hrámjólk eins og hún er skilgreind í lið 4.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 16) „mjólkurafurðir“: mjólkurafurðir eins og þær eru skilgreindar í lið 7.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 17) „broddur“: broddur eins og hann er skilgreindur í 1. lið IX. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 18) „afurðir, að stofni til úr broddi“: afurðir, að stofni til úr broddi, eins og þær eru skilgreindar í 2. lið IX. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 19) „froskalappir“: froskalappir eins og þær eru skilgreindar í lið 6.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 20) „sniglar“: sniglar eins og þeir eru skilgreindir í lið 6.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 21) „brædd dýrafita“: brædd dýrafita eins og hún er skilgreind í lið 7.5 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 22) „hamsar“: hamsar eins og þeir eru skilgreindir í lið 7.6 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 23) „gelatín“: gelatín eins og það er skilgreint í lið 7.7 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 24) „kollagen“: kollagen eins og það er skilgreint í lið 7.8 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 25) „hunang“: hunang eins og það er skilgreint í 1. lið IX. hluta II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 <sup>(2)</sup>,

<sup>(1)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2013 frá 11. mars 2013 um kröfur um rekjanleika að því er varðar spírur og fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírurum (Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 16).

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

- 26) „býræktarafurðir“: býræktarafurðir eins og þær eru skilgreindar í 2. lið IX. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013,
- 27) „skriðdýrakjöt“: skriðdýrakjöt eins og það er skilgreint í 16. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625,
- 28) „skordýr“: skordýr eins og þau eru skilgreind í 17. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625,
- 29) „kæliskip“: kæliskip eins og það er skilgreint í 26. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/625,
- 30) „frystiskip“: frystiskip eins og það er skilgreint í lið 3.3. í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 31) „verksmiðjuskip“: verksmiðjuskip eins og það er skilgreint í lið 3.2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 32) „framleiðsluvæði“: framleiðsluvæði eins og það er skilgreint í lið 2.5 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 33) „afgreiðslustöð“: afgreiðslustöð eins og hún er skilgreind í lið 2.7 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 34) „vélúrbeinað kjöt“: vélúrbeinað kjöt eins og það er skilgreint í lið 1.14 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 35) „starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr“: starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr eins og hún er skilgreind í lið 1.18 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 36) „stykkiunarstöð“: stykkiunarstöð eins og hún er skilgreind í lið 1.17 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- 37) „alin veiðidýr“: alin veiðidýr eins og þau eru skilgreind í lið 1.6 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

### 3. gr.

#### **Kröfur um fyrirmyndir að opinberum vottorðum sem eru ekki lögð fram í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit**

Fyrirmyndir að opinberum vottorðum sem krafist er samkvæmt löggjöf Sambandsins að fylgi þessum dýrum, afurðum úr dýraríkinu, samsettu afurðum, kímefnum, aukaafurðum úr dýrum, spírur og fræjum sem eru ætluð til framleiðslu á spírur, sem eru upprunnin í þriðju löndum eða svæðum innan þeirra, við komu þeirra inn í Sambandið og eru ekki lögð fram í gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

- 1) Auk undirskriftar vottunarmanns skal vottorðið bera opinberan stimpil. Undirskrift skal vera í öðrum lit en prentaði textinn. Þessi krafa gildir líka um stimpla, aðra en upphleypta eða vatnsmerki.
- 2) Ef yfirlýsingar koma fram í fyrirmyndinni að vottorðinu skal vottunarmaður strika yfir yfirlýsingar sem eiga ekki við og merkja við með upphafsstöfum og stimpla eða fella þær alveg brott úr vottorðinu.
- 3) Vottorðið skal samanstanda af:
  - a) einni pappírsörk eða
  - b) nokkrum pappírsörkum þar sem allar arkirnar eru óskiptanlegar og mynda eina óaðskiljanlega heild eða
  - c) röð blaðsíðna sem eru tölusettar þannig að það sjáist að hver blaðsíða er tiltekin síða í samfelldri, takmarkaðri röð.
- 4) Þegar vottorðið samanstendur af röð blaðsíðna skal einkvæmi kóðinn, sem um getur í a-lið 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, koma fram á hverri blaðsíðu ásamt undirskrift vottunarmannsins og opinberum stimpli.
- 5) Vottorðið skal gefið út áður en sendingin, sem það gildir fyrir, hverfur undan eftirliti lögbærra yfirvalda í því þriðja landi sem gefur út vottorðið.

*4. gr.***Kröfur um fyrirmyndir að opinberum vottorðum sem eru lögð fram í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit**

1. Fyrirmyndir að opinberum vottorðum sem krafist er í löggjöf Sambandsins að fylgi dýrum, afurðum úr dýraríkinu, samsettum afurðum, kímefnum og aukaafurðum úr dýrum, sem eru upprunnin í þriðju löndum eða svæðum innan þeirra, við komu þeirra inn í Sambandið og sem eru lögð fram í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit, skulu byggjast á fyrirmyndum að opinberum vottorðum sem mælt er fyrir um í I. viðauka.
2. Í II. hluta fyrirmynda að opinberum vottorðum, sem um getur í 1. mgr., skulu koma fram sértækar heilbrigðisábyrgðir og upplýsingar eins og krafist er í II. hluta viðeigandi fyrirmynda að opinberum vottorðum fyrir þessi dýr, afurðir úr dýraríkinu, samsettar afurðir, kímefni og aukaafurðir úr dýrum, sem eru upprunnin í þriðju löndum eða svæðum innan þeirra, sem krafist er samkvæmt löggjöf Sambandsins við komu inn í Sambandið.
3. Opinbera vottorðið skal gefið út í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit áður en sendingin, sem það gildir fyrir, hverfur undan eftirliti lögbærra yfirvalda í því þriðja landi sem gefur út vottorðið.
4. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein skulu ekki hafa áhrif á eðli, innihald og snið þeirra opinberu vottorða eða staðfestinga sem um getur í b- og c-lið 2. mgr. 73. gr. og a-lið 2. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

*5. gr.***Endurnýjunarvottorð**

1. Lögbærum yfirvöldum er einungis heimilt að gefa út endurnýjunarvottorð ef um er að ræða stjórnsýsluleg mistök í upprunalega vottorðinu eða ef upprunalega vottorðið hefur skemmst eða týnst.
2. Í endurnýjunarvottorðinu skal ekki breyta upplýsingum, sem koma fram í upprunalega vottorðinu, sem varða auðkenningu, rekjanleika og heilbrigðisábyrgðir sendinga.
3. Að auki skal endurnýjunarvottorðið:
  - a) innihalda skýra tilvísun í einkvæma kóðann, sem um getur í a-lið 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, og útgáfudag upprunalega vottorðsins ásamt skýrri yfirlýsingu um að það komi í stað upprunalega vottorðsins,
  - b) innihalda nýtt vottorðsnúmer sem er ekki það sama og á upprunalega vottorðinu,
  - c) innihalda dagsetninguna þegar það var gefið út en ekki útgáfudag upprunalega vottorðsins og
  - d) lagt fyrir lögbær yfirvöld í upprunalegri útgáfu nema þegar um er að ræða rafræn endurnýjunarvottorð sem eru lögð fram í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit.

*6. gr.***Athugasemdir varðandi útfyllingu fyrirmynda að opinberum vottorðum**

Fyrirmyndir að opinberum vottorðum, sem um getur í 12. og 13. gr. og 15. til 27. gr. skulu fylltar út á grundvelli athugasemdanna sem settar eru fram í II. viðauka.

*7. gr.***Fyrirmyndir að opinberum vottorðum vegna nýs kjöts af hóf- og klaufdýrum inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndirnar að opinberu vottorðunum „BOV“, „OVI“, „POR“, „EQU“, „RUF“, „RUW“, „SUF“, „SUW“ og „EQW“ sem settar eru fram í 2. hluta II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010<sup>(13)</sup> vegna komu nýs kjöts af hóf- og klaufdýrum inn í Sambandið til setningar á markað.

<sup>(13)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1).

## 8. gr.

**Fyrirmyndir að opinberum vottorðum vegna komu kjöts af alifuglum, strútfuglum og villtum veiðifuglum, eggja og eggjaafurða inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndirnar að opinberu vottorðunum „POU“, „POU-MI/MSM“, „RAT“, „RAT-MI/MSM“, „WGM“, „WGM-MI/MSM“, „E“ og „EP“ sem settar eru fram í 2. hluta I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 798/2008<sup>(14)</sup> vegna komu kjöts af alifuglum, strútfuglum og villtum veiðifuglum, eggja og eggjaafurða inn í Sambandið til setningar á markað.

## 9. gr.

**Fyrirmyndir að opinberum vottorðum vegna komu kjöts af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alíkaninum inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndirnar að opinberu vottorðunum „WL“, „WM“ og „RM“ sem settar eru fram í II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 119/2009<sup>(15)</sup> vegna komu kjöts af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alíkaninum inn í Sambandið til setningar á markað.

## 10. gr.

**Fyrirmynd að opinberu vottorði vegna komu unninna kjötvara inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í II. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2000/572/EB<sup>(16)</sup> vegna komu unninna kjötvara inn í Sambandið til setningar á markað.

## 11. gr.

**Fyrirmyndir að opinberum vottorðum vegna komu tiltekinna kjötafurða og meðhöndlaðra maga, þvagblaðra og þarma inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í III. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2007/777/EB<sup>(17)</sup> vegna komu tiltekinna kjötafurða og meðhöndlaðra maga, þvagblaðra og þarma inn í Sambandið til setningar á markað. Ef um er að ræða komu garna inn í Sambandið til setningar á markað skal þó nota dýraheilbrigðisvottorðið sem sett er fram í I. viðauka A við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/779/EB<sup>(18)</sup>.

## 12. gr.

**Fyrirmyndir að opinberum vottorðum vegna komu lifandi samloka, skrápdyra, möttuldýra og sæsnigla inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í kafla A í I. hluta III. viðauka við þessa reglugerð vegna komu

<sup>(14)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1).

<sup>(15)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 frá 9. febrúar 2009 um skrár yfir þriðju lönd eða hluta þeirra fyrir innflutning til Bandalagsins eða umflutning um Bandalagið á kjöti af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alíkaninum og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 39, 10.2.2009, bls. 12).

<sup>(16)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/572/EB frá 8. september 2000 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og lýðheilsu og útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings á unnum kjötvörum frá þriðju löndum til Bandalagsins (Stjtið. EB L 240, 23.9.2000, bls. 19).

<sup>(17)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB frá 29. nóvember 2007 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og fyrirmyndir að vottorðum vegna innflutnings frá þriðju löndum á tilteknum kjötafurðum og meðhöndluðum mögum, þvagblöðrum og þörmum til manneldis og um niðurfellingu á ákvörðun 2005/432/EB (Stjtið. ESB L 312, 30.11.2007, bls. 49).

<sup>(18)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/779/EB frá 31. október 2003 um dýraheilbrigðiskröfur og útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings á dýragörnum frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 285, 1.11.2003, bls. 38).

lifandi samloka, skrápdyra, möttuldýra og sæsnigla inn í Sambandið til setningar á markað. Ef um er að ræða komu unninna samloka af tegundinni *Acanthocardia tuberculatum* inn í Sambandið og setningu þeirra á markað skal bæta fyrirmyndinni að opinberu vottuninni, sem sett er fram í kafla B í I. hluta III. viðauka við þessa reglugerð, við vottorðið sem um getur í fyrsta málslið.

13. gr.

#### **Fyrirmyndir að opinberum vottorðum vegna komu lagarafurða inn í Sambandið til setningar á markað**

1. Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í kafla A í II. hluta III. viðauka við þessa reglugerð vegna komu lagarafurða inn í Sambandið til setningar á markað.
2. Ef um er að ræða lagarafurðir sem voru veiddar af skipum sem sigla undir fána aðildarríkis og umskipað í þriðju löndum, með eða án geymslu, skal nota fyrirmyndina að vottorðinu sem sett er fram í kafla B í II. hluta III. viðauka við þessa reglugerð.
3. Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem skipstjóranum er ætlað að undirrita, sem sett er fram í kafla C í II. hluta III. viðauka við þessa reglugerð, þegar lagarafurðirnar eru fluttar inn beint frá kæliskipi, frystiskipi eða verksmiðjuskipi eins og kveðið er á um í 11. gr. (3. mgr.) framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2019/625.

14. gr.

#### **Fyrirmyndir að opinberum vottorðum vegna komu hrámjólkur, brodds, mjólkurafurða og afurða sem eru að stofni til úr broddi inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndirnar að opinberu vottorðunum „Milk-RM“, „Milk-RMP“, „Milk-HTB“, „Milk-HTC“ og „Colostrum-C/CPB“ sem settar eru fram í 2. hluta II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 <sup>(19)</sup> vegna komu hrámjólkur, brodds, mjólkurafurða og afurða sem eru að stofni til úr broddi inn í Sambandið til setningar á markað.

15. gr.

#### **Fyrirmynd að opinberu vottorði vegna komu kældra, frystra eða tilreiddra froskalappa, sem eru ætlaðar til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í III. hluta III. viðauka við þessa reglugerð vegna komu kældra, frystra eða tilreiddra froskalappa, sem eru ætlaðar til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað.

16. gr.

#### **Fyrirmynd að opinberu vottorði vegna komu kældra, frystra, skelflettra, soðinna, tilreiddra eða rotvarinna snigla, sem eru ætlaðir til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í IV. hluta III. viðauka við þessa reglugerð vegna komu kældra, frystra, skelflettra, soðinna, tilreiddra eða rotvarinna snigla, sem eru ætlaðir til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað.

<sup>(19)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 frá 2. júlí 2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrámjólk og mjólkurafurðum til manneldis (Stjttíð. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 1).



*17. gr.***Fyrirmynd að opinberu vottorði vegna komu bræddrar dýrafitu og hamsa, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í V. hluta III. viðauka við þessa reglugerð vegna komu bræddrar dýrafitu og hamsa, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað.

*18. gr.***Fyrirmynd að opinberu vottorði vegna komu gelatíns, sem er ætlað til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í VI. hluta III. viðauka við þessa reglugerð vegna komu gelatíns, sem er ætlað til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað.

*19. gr.***Fyrirmynd að opinberu vottorði vegna komu kollagens, sem er ætlað til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í VII. hluta III. viðauka við þessa reglugerð vegna komu kollagens, sem er ætlað til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað.

*20. gr.***Fyrirmynd að opinberu vottorði vegna komu hráefna til framleiðslu á gelatíni og kollageni, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í VIII. hluta III. viðauka við þessa reglugerð vegna komu hráefna til framleiðslu á gelatíni og kollageni, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað.

*21. gr.***Fyrirmynd að opinberu vottorði vegna komu meðhöndlaðra hráefna til framleiðslu á gelatíni og kollageni, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í XI. hluta III. viðauka við þessa reglugerð vegna komu meðhöndlaðra hráefna til framleiðslu á gelatíni og kollageni, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað.

*22. gr.***Fyrirmynd að opinberu vottorði vegna komu hunangs og annarra býræktarafirurða, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í X. hluta III. viðauka við þessa reglugerð vegna komu hunangs og annarra býræktarafirurða, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað.

*23. gr.***Fyrirmynd að opinberu vottorði vegna komu mikið unnins kondróitínsúlfats, hýalúrónsýru, annarra vatnsrofinna brjóskafulða, kítósans, glúkósamíns, ostahleypis, fiskilíms og amínósýra, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í XI. hluta III. viðauka við þessa reglugerð vegna komu mikið unnins kondróitínsúlfats, hýalúrónsýru, annarra vatnsrofinna brjóskafulða, kítósans, glúkósamíns, ostahleypis, fiskilíms og amínósýra, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað.

*24. gr.***Fyrirmynd að opinberu vottorði vegna komu skriðdýrakjöts, sem er ætlað til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í XII. hluta III. viðauka við þessa reglugerð vegna komu skriðdýrakjöts, sem er ætlað til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað.

*25. gr.***Fyrirmynd að opinberu vottorði vegna komu skordýra, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í XIII. hluta III. viðauka við þessa reglugerð vegna komu skordýra, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið til setningar á markað.

*26. gr.***Fyrirmynd að opinberu vottorði vegna komu annarra afurða úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis og falla ekki undir ákvæði 7. til 25. gr., inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í XIV. hluta III. viðauka við þessa reglugerð vegna komu annarra afurða úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis og falla ekki undir ákvæði 7. til 25. gr. þessarar reglugerðar, inn í Sambandið til setningar á markað.

*27. gr.***Fyrirmynd að opinberu vottorði vegna komu spíra og fræja, sem eru ætluð til framleiðslu á spírum, inn í Sambandið til setningar á markað**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í XV. hluta III. viðauka við þessa reglugerð vegna komu spíra og fræja, sem eru ætluð til framleiðslu á spírum, inn í Sambandið til setningar á markað.

*28. gr.***Fyrirmyndir að opinberum vottorðum ef um er að ræða skoðun fyrir slátrun á upprunabúi**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndirnar að opinberu vottorðunum sem settar eru fram í IV. viðauka við þessa reglugerð ef um er að ræða skoðun fyrir slátrun á upprunabúi í samræmi við 5. og 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/624.

29. gr.

#### **Fyrirmynd að opinberu vottorði ef um er að ræða neyðarslátrun utan sláturhúss**

Til að uppfylla vottunarkröfurnar, sem mælt er fyrir um í 88. gr., 89. gr. og 126. gr. (c-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625, skal nota fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í V. viðauka við þessa reglugerð ef um er að ræða neyðarslátrun utan sláturhúss í samræmi við 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/624.

30. gr.

#### **Breytingar á reglugerð (EB) nr. 2074/2005**

Reglugerð (EB) nr. 2074/2005 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæði 6. gr. falla brott.
- 2) Ákvæði VI. viðauka falla brott.

31. gr.

#### **Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæði 2. gr. falla brott.
- 2) Ákvæði II. viðauka falla brott.

32. gr.

#### **Niðurfelling**

Reglugerð (ESB) nr. 211/2013 er felld úr gildi. Líta ber á tilvísanir í reglugerð (ESB) nr. 211/2013 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VI. viðauka við þessa reglugerð.

33. gr.

#### **Umbreytingarákvæði**

Heimilt er að samþykkja komu sendinga af afurðum úr dýraríkinu, með meðfylgjandi viðeigandi vottorðum sem eru gefin út í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2074/2005, reglugerð (ESB) nr. 211/2013 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759, inn í Sambandið fram til 13. mars 2020 að því tilskildu að vottorðið hafi verið undirritað fyrir 14. desember 2019.

Fram til 13. mars 2020 mega sendingar af bræddri dýrafitu og hömsum koma inn í Sambandið þegar vottorðið fyrir kjötafurðir, sem sett er fram í III. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB, er notað og sendingar af skriðdýrakjöti, skordýrum og öðrum afurðum úr dýraríkinu, sem um getur í 26. gr., mega koma inn í Sambandið án vottorðsins sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

34. gr.

#### **Gildistaka og beiting**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. apríl 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## I. VIÐAUKI

## FYRIRMYNDIR AÐ OPINBERUM VOTTORÐUM VEGNA KOMU DÝRA, AFURÐA ÚR DÝRARÍKINU, SAMSETTRA AFURÐA, KÍMEFNA OG AUKAAFURÐA ÚR DÝRUM INN Í SAMBANDIÐ

LAND				Opinbert vottorð inn í ESB			
I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi/útflytjandi			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a IMSOC-tilvísunarnúmer	
	Heiti			I.3. Miðlægt lögbært yfirvald			
	Heimilisfang			I.4. Lögbært staðaryfirvald			
	Símanúmer						
	I.5. Viðtakandi/innflytjandi			I.6. Rekstraraðili sem ber ábyrgð á sendingunni			
	Heiti			Heiti			
	Heimilisfang			Heimilisfang			
	Póstnúmer			Póstnúmer			
	Símanúmer						
	I.7. Upprunaland	ISO	I.8. Upprunasvæði	Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO	I.10. Viðtökusvæði
I.11 Sendingarstaður		Samþykkisnúmer		I.12. Viðtökustaður			
Heiti				Heiti			
Heimilisfang				Heimilisfang			
I.13. Fermingarstaður				I.14. Brottfarardagur og -tími			
I.15. Flutningatæki				I.16. Landamæraeftirlitsstöð sem er komustaður			
Flugvél	<input type="checkbox"/>	Skip	<input type="checkbox"/>	Annað		<input type="checkbox"/>	
Ökutæki	<input type="checkbox"/>	Járnbrautir	<input type="checkbox"/>	I.17. Fylgiskjöl			
Auðkenning:				Tegund			
				Nr.			
I.18. Flutningsskilyrði							
Við umhverfishita		<input type="checkbox"/>	Kældar	<input type="checkbox"/>	Frystar		<input type="checkbox"/>
I.19. Númer gáms/Númer innsiglis							

## LAND

## Opinbert vottorð inn í ESB

I.20. Vörur vottaðar sem/til							
Niðurlagningariðnaður	<input type="checkbox"/>	Eldis	<input type="checkbox"/>	Tæknilegra nota	<input type="checkbox"/>	Vörusýnishorn	<input type="checkbox"/>
Fóður	<input type="checkbox"/>	Sóttkvíunar	<input type="checkbox"/>	Notkunar í lyf	<input type="checkbox"/>	Sirkus-/sýningardýr	<input type="checkbox"/>
Manneldis	<input type="checkbox"/>	Frekari vinnslu	<input type="checkbox"/>	Samþykktur aðili	<input type="checkbox"/>	Gæludýr	<input type="checkbox"/>
Undaneldis/framleiðslu	<input type="checkbox"/>	Slátrunar	<input type="checkbox"/>	Umlagningar	<input type="checkbox"/>	Annað	<input type="checkbox"/>
Endurnýjunar veiðidýrastofns	<input type="checkbox"/>	Tæknifrjóvgunar	<input type="checkbox"/>	Skráð dýr af hestaætt	<input type="checkbox"/>		
I.21. Til umflutnings <input type="checkbox"/>				I.22. Fyrir innri markaðinn <input type="checkbox"/>			
Þriðja land		ISO		Endanlegur innflutningur		<input type="checkbox"/>	
				Til endurkomu		<input type="checkbox"/>	
				Tímabundinn aðflutningur		<input type="checkbox"/>	
I.23. Heildarfjöldi pakkninga		I.24. Magn					
		Heildarfjöldi		Samanlögð eigin þyngd (kg)		Samanlögð heildarþyngd (kg)	
I.25. Vörulýsing							
Nr.		Kóði og SN-yfirskrift					
Tegund (vísindaheiti)		Kyn/flokkur		Auðkenningarkerfi		Auðkenningarnúmer	
Aldur		Kyn		Magn		Prófun	
Tegund (vísindaheiti)		Tegund vöru				Tegund meðhöndlunar	
Svæði		Sláturhús		Framleiðslustöð		Kæligeymsla	
Lokaneytandi		Fjöldi pakkninga		Eigin þyngd		Lotunúmer	
<input type="checkbox"/>						Tegund umbúða	
Stimpill				Undirskrift			

LAND

Fyrirmynd að vottorði (\*\*)

II. hluti: Vottun	II. Upplýsingar um heilbrigði (*)	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b. IMSOC-tilvísunarnúmer						
<p>Vottunarmaður</p> <table><tr><td>Nafn (með hástöfum)</td><td>Menntun, hæfi og titill</td></tr><tr><td>Dagsetning</td><td>Undirskrift</td></tr><tr><td>Stimpill</td><td></td></tr></table>				Nafn (með hástöfum)	Menntun, hæfi og titill	Dagsetning	Undirskrift	Stimpill	
Nafn (með hástöfum)	Menntun, hæfi og titill								
Dagsetning	Undirskrift								
Stimpill									

(\*) Sértekur heilbrigðiskröfur sem skal uppfylla

(\*\*) Skipt út fyrir sérstakt heiti hvernar fyrirmyndar að vottorði fyrir sig

## II. VIÐAUKI

### ATHUGASEMDIR VARÐANDI ÚTFYLLINGU Á FYRIRMYNDUM AÐ OPINBERUM VOTTORÐUM VEGNA KOMU DÝRA, AFURÐA ÚR DÝRARÍKINU, SAMSETTRA AFURÐA, KÍMEFNA OG AUKAAFURÐA ÚR DÝRUM INN Í SAMBANDIÐ

#### Almennt

Til að velja valkost er hakað við eða merkt með „X“ í viðeigandi reit.

Með „ISO“ er vísað til alþjóðlegs staðlaðs tveggja bókstafa kóða fyrir land í samræmi við alþjóðlega ISO-staðalinn 3266 alpha-2 (1).

Einungis má velja einn af valkostunum í reitum I.15, I.18, I.20 og I.22.

Ef viðtakandi, landamæraeftirlitsstöð sem er komustaður eða upplýsingar sem varða flutninginn (þ.e.a.s. flutningsmáti og dagsetning) breytast eftir að vottorðið er gefið út verður rekstraraðilinn sem ber ábyrgð á sendingunni að tilkynna um það til lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu þar sem sendingin kemur inn. Slík breyting skal ekki leiða til beiðni um endurnýjunarvottorð.

#### I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

Land: Heiti þriðja lands sem gefur vottorðið út.

Reitur I.1. Sendandi/útflytjandi: nafn og heimilisfang (gata, borg og landsvæði, hérað eða fylki, eins og við á) einstaklings eða lögaðila, sem sendir sendinguna, sem verður að vera staðsettur í þriðja landinu, nema ef um er að ræða endurinnkomu sendinga sem upprunnar eru í Evrópusambandinu.

Reitur I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs: einkvæmur, skyldubundinn kóði sem lögbært yfirvald í þriðja landinu úthlutar í samræmi við sína eigin flokkun. Það er skyldubundið að útfylla þennan reit fyrir öll vottorð sem eru ekki lögð fram í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit (IMSOC).

Reitur I.2.a: IMSOC-tilvísunarnúmer: einkvæmur tilvísunarkóði sem er sjálfkrafa úthlutað í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit ef vottorðið er skráð í því kerfi. Ekki skal fylla þennan reit út ef vottorðið er ekki sent með upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit (IMSOC).

Reitur I.3. Miðlægt lögbært yfirvald: heiti miðlægs yfirvalds í þriðja landinu sem gefur út vottorðið.

Reitur I.4. Lögbært staðaryfirvald: ef við á, heiti staðaryfirvaldsins í þriðja landinu sem gefur út vottorðið.

Reitur I.5. Viðtakandi/innflytjandi: nafn og heimilisfang einstaklings eða lögaðila sem sendingin á að fara til í því aðildarríki eða þriðja landi sem er viðtökuland, ef um umflutning er að ræða. Þó er ekki skyldubundið að gefa þessar upplýsingar fyrir sendingar í umflutningi um ESB.

Reitur I.6. Rekstraraðili sem ber ábyrgð á sendingunni:

Nafn og heimilisfang þess einstaklings í Evrópusambandinu sem er ábyrgur fyrir sendingunni þegar henni er framvísað á landamæraeftirlitsstöð og sem gefur viðeigandi yfirlýsingar til lögbærra yfirvalda, annað hvort sem innflytjandi eða fyrir hans hönd.

Að því er varðar vörur í umflutningi um Evrópusambandið: nafn og heimilisfang eru skyldubundin.

Að því er varðar tiltekin dýr: nafn og heimilisfang eru skyldubundin ef þess er krafist í viðeigandi löggjöf Sambandsins.

Að því er varðar dýr og afurðir til setningar á markað: nafn og heimilisfang eru valkvæð.

Reitur I.7. Upprunaland:

Að því er varðar afurðir: heiti og ISO-kóði landsins þar sem afurðirnar voru framleiddar, unnar og þeim pakkað (merktar með auðkennismerki).

(1) Skrá yfir landaheiti og kóða er að finna á slóðinni: [http://www.iso.org/iso/country\\_codes/iso-3166-1\\_decoding\\_table.htm](http://www.iso.org/iso/country_codes/iso-3166-1_decoding_table.htm)



Að því er varðar dýr: dvalarland á því tímabili sem krafist er samkvæmt viðeigandi heilbrigðisvottorði Evrópusambandsins. Að því er varðar skráða hesta, sem eru að koma aftur inn í Evrópusambandið, merkir „upprunaland“ landið þaðan sem þeir voru síðast sendir.

Ef um er að ræða viðskipti sem taka til fleiri en eins þriðja lands (þríhliða viðskipti) verður að fylla út aðskilin vottorð fyrir hvert upprunaland.

Reitur I.8. Upprunasvæði: ef við á, fyrir dýr eða afurðir sem verða fyrir áhrifum af svæðaskiptingarráðstöfunum í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins. Tilgreina verður kóða fyrir samþykkt landsvæði, svæði eða hólf eins og skilgreint er í viðeigandi löggjöf Evrópusambandsins.

Reitur I.9. Viðtökuland: heiti og ISO-kóði þess lands í Evrópusambandinu sem er viðtökuland dýranna eða afurðanna.

Ef afurðirnar eru í umflutningi er gerð krafa um heiti og ISO-kóða þriðja landsins sem er viðtökuland.

Reitur I.10. Viðtökusvæði: sjá reit I.8.

Reitur I.11. Sendingarstaður: heiti, heimilisfang og samþykkisnúmer, ef þess er krafist samkvæmt löggjöf Evrópusambandsins, búa eða starfsstöðva sem dýrin eða afurðirnar koma frá.

Að því er varðar dýr: bú eða annað opinberlega vaktað landbúnaðar-, iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki, þ.m.t. dýragarðar, skemmtigarðar, friðlendur fyrir villtar lífverur og veiðilendur, þar sem dýr eru að staðaldri haldin eða alin.

Að því er varðar kímefni: sæðissöfnunar- eða sæðisgeymslustöðvar eða hópar sem annast söfnun eða framleiðslu á fósturvísnum.

Að því er varðar aðrar afurðir: allar einingar fyrirtækis í matvælageiranum eða geira aukaafurða úr dýrum. Einungis skal tilgreina starfsstöðina sem sendir afurðirnar. Ef um er að ræða viðskipti sem taka til fleiri en eins þriðja lands (þríhliða viðskipti) er sendingarstaðurinn síðasta starfsstöðin í þriðja landinu í útflutningskeðjunni þaðan sem lokasendingin er flutt til Evrópusambandsins.

Reitur I.12. Viðtökustaður:

Valkvætt er að veita þessar upplýsingar nema ef um er að ræða geymslu á afurðum í umflutningi.

Að því er varðar setningu á markað: staður sem dýr eða afurðir eru flutt á til lokaaffermingar. Tilgreinið heiti, heimilisfang og samþykkisnúmer búa eða starfsstöðva á viðtökustað ef við á.

Að því er varðar geymslu á afurðum í umflutningi: heiti, heimilisfang og samþykkisnúmer vöruhúss á frísvæði, tollvörugeymslu eða birgis sem sér skipum fyrir vistum.

Reitur I.13. Fermingarstaður:

Að því er varðar dýr: heiti borgar eða staðar þar sem ferming dýranna fer fram og, ef þeim er safnað saman fyrir fram, upplýsingar um opinbera söfnunarstöð.

Að því er varðar afurðir: heiti borgarinnar og flokkur (t.d. starfsstöð, bú, höfn eða flugvöllur) endanlegs staðar þar sem afurðirnar verða settar í flutningatæki til flutnings til Evrópusambandsins. Ef um gám er að ræða skal tilgreina hvar hann verður settur um borð í endanlegt flutningatæki til Evrópusambandsins. Ef um ferju er að ræða skal tilgreina staðinn þar sem vörubifreiðin fór um borð.

Reitur I.14. Brottfarardagur og -tími:

Að því er varðar dýr: dagsetning og tími þegar dýrin eiga að fara af stað í flutningatækinu sem flytur þau (flugvél, skip, járnbrautarlest eða ökutæki).

Að því er varðar afurðir: brottfarardagsetning flutningatækisins (flugvél, skip, járnbrautarlest eða ökutæki).

Reitur I.15. Flutningatæki: flutningatæki sem fer frá sendingarlandinu.

Flutningsmáti: flugvél, skip, járnbrautarlest, ökutæki eða annað. „Annað“ merkir flutningsmáta sem ekki er fjallað um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 <sup>(2)</sup>.

(<sup>2</sup>) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 frá 22. desember 2004 um vernd dýra í flutningi og tengdar aðgerðir og um breytingu á tilskipunum 64/432/EBE og 93/119/EB og reglugerð (EB) nr. 1255/97 (Stjtið. ESB L 3, 5.1.2005, bls. 1).

Auðkenni flutningatækisins: fyrir flugvélar, flugnúmer; fyrir skip, heiti skips eða skipa; fyrir járnbrautarlestir, auðkenni lestar og númer vagns; fyrir flutninga á vegum, skráningarmerki með númeri eftirvagns, ef við á.

Ef um ferju er að ræða skal tilgreina auðkenni ökutækisins, skráningarmerki þess ásamt skráningarmerki eftirvagns, ef við á, og nafn ferjunnar sem ætlunin er að taka.

Reitur I.16. Landamæraeftirlitsstöð sem er komustaður: tilgreinið heiti landamæraeftirlitsstöðvarinnar og auðkenniskóðann sem henni var úthlutað í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit.

Reitur I.17. Fylgiskjöl:

Tilgreina verður tegund og tilvísunarnúmer skjals þegar önnur skjöl fylgja sendingu, s.s. CITES-leyfi, leyfi fyrir ágengri framandi tegund (IAS) eða viðskiptaskjal (t.d. númer flugfarmskírteinis, númer farmbréfs eða viðskiptanúmer lestar eða ökutækis)

Reitur I.18. Flutningsskilyrði: flokkur áskilins hitastigs meðan á flutningi afurða stendur (við umhverfishita, kældar, frystar). Einungis má velja einn flokk.

Reitur I.19. Gámanúmer/innsigli snúmer: samsvarandi númer, ef við á.

Tilgreina verður gámanúmer ef vörurnar eru fluttar í lokuðum gámum.

Einungis verður að tilgreina opinbert innsigli snúmer. Opinbert innsigli gildir ef innsigli er fest á gáminn, vörubifreiðina eða járnbrautarvagninn undir eftirliti lögbærs yfirvalds sem gefur út vottorðið.

Reitur I.20. Afurðir vottaðar sem: tilgreinið tilgang þess að setja dýrin á markað eða fyrirhugaða notkun á afurðum eins og tilgreint er í viðeigandi heilbrigðisvottorði Evrópusambandsins.

Fóður: á einungis við um aukaafurðir úr dýrum sem ætlaðar eru í fóður eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 <sup>(3)</sup>.

Samþykktur aðili: tilflutningur á dýrum til samþykks aðila, stofnunar eða miðstöðvar í samræmi við tilskipun ráðsins 92/65/EBE <sup>(4)</sup>.

Tæknifrávagn: á einungis við um kímefni.

Undaneldi/frameiðsla: fyrir dýr til undaneldis og frameiðslu, þ.m.t. lagareldisdýr sem ætluð eru til eldis.

Niðurlagningariðnaður: á við um t.d. túnfisk sem er ætlaður fyrir niðurlagningariðnaðinn.

Sirkus-/sýningardýr: fyrir skráð sirkus- og sýningardýr og lagardýr fyrir lagardýrabúr eða svipuð fyrirtæki, ekki til endursölu.

Til eldis: á einungis við um sauðfé og geitur.

Frekari vinnsla: á einungis við um afurðir sem þarfnast frekari vinnslu áður en þær eru settar á markað.

Endurnýjun veiðidýrastofna: á einungis við um veiðidýr til endurnýjunar stofna.

Manneldi: á einungis við um afurðir sem eru ætlaðar til mannelis og þar sem gerð er krafa um heilbrigðisvottorð eða vottorð sem varðar heilbrigði dýraafurða samkvæmt löggjöf Evrópusambandsins.

Annað: tilgangur sem er ekki skráður annars staðar í þessari flokkun, þ.m.t. lagardýr sem eru ætluð fyrir sleppivötn.

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stj.ú. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísu sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um (Stj.ú. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54).

Gæludýr: flutningur á hundum, köttum, frettum og fuglum í viðskiptaskyni inn í Sambandið. Fyrir skrautlagardýr sem eru ætluð til endursölu í gæludýrabúðum eða svipuðum fyrirtækjum.

Lyfjafræðileg notkun: aukaafurðir úr dýrum sem eru óhæfar til mannelis eða í dýrafóður eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 1069/2009.

Sóttkvíun: vísar til framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2013 <sup>(5)</sup> fyrir fugla, aðra en alifugla, til tilskipunar 92/65/EBE fyrir kjötætur, primata og leðurblökur og til tilskipunar ráðsins 2006/88/EB <sup>(6)</sup> fyrir lagareldisdýr.

Skráð dýr af hestaætt: í samræmi við tilskipun ráðsins 2009/156/EB <sup>(7)</sup>.

Umlagning: á einungis við um lagareldisdýr.

Slátrun: að því er varðar dýr sem eiga að fara til sláturhúss, beint eða í gegnum söfnunarstöð.

Tæknileg notkun: aukaafurðir úr dýrum sem eru óhæfar til mannelis eða í dýrafóður eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 1069/2009.

Vörusýnishorn: eins og er skilgreint í 39. lið I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 <sup>(8)</sup>.

Reitur I.21. Til umflutnings: einungis vegna umflutnings dýra eða afurða gegnum Evrópusambandið frá einu þriðja landi til annars þriðja lands eða frá einum hluta þriðja lands til annars hluta sama þriðja lands. Tilgreinið heiti og ISO-kóða þriðja landsins sem er viðtökuland.

Reitur I.22. Fyrir innri markaðinn: að því er varðar allar sendingar sem eiga að fara á markað Evrópusambandsins.

Endanlegur innflutningur: þennan valkost skal einungis nota fyrir sendingar sem ætlunin er að setja í tollmeðferðina „afgreiða í frjálst flæði“ í Evrópusambandinu.

Að því er varðar tiltekin dýr (t.d. skráð dýr af hestaætt) skal einungis velja einn af eftirfarandi valkostum:

Endurkoma: einungis má nota þennan valkost fyrir dýr sem hafa fengið heimild til endurkomu, s.s. skráða hesta til kappreiða, keppnisíþróttar og menningarviðburða sem koma aftur inn í Evrópusambandið eftir tímabundinn útflutning.

Tímabundinn aðflutningur: einungis skal nota þennan valkost fyrir komu dýra sem hafa fengið heimild til tímabundinnar komu inn í Evrópusambandið, s.s. skráðir hestar, í skemmri tíma en 90 daga.

Reitur I.23. Heildarfjöldi pakkninga: fjöldi kassa, búra eða bása sem dýrin eru flutt í, fjöldi lághitafláta fyrir kímefni eða fjöldi pakkninga með afurðum. Ef um sendingar í lausu er að ræða er þessi reitur valkvæður.

Reitur I.24. Magn:

Að því er varðar dýr: heildarfjöldi dýra eða stráa, gefinn upp sem einingar.

Að því er varðar kímefni: heildarfjöldi stráa, gefinn upp sem einingar.

Að því er varðar afurðir og lagardýr, önnur en skrautfiska: samanlögð heildarþyngd og eigin þyngd í kg.

Samanlögð eigin þyngd: hún er skilgreind sem massi varanna sjálfra, án innri og ytri umbúða.

Samanlögð heildarþyngd: þyngd samtals í kg. Hún er skilgreind sem heildarmassi varanna með innri og ytri umbúðum, að frátöldum flutningagámum og öðrum flutningatækjum.

<sup>(5)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2013 frá 7. janúar 2013 um dýraheilbrigðisskiptingum fyrir innflutningi á tilteknum fuglum til Sambandsins og skilyrði fyrir sóttkvíun þeirra (Stjtíð. ESB L 47, 20.2.2013, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14).

<sup>(7)</sup> Tilskipun ráðsins 2009/156/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra, sem hafa áhrif á flutninga dýra af hestaætt og innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 192, 23.7.2010, bls. 1).

<sup>(8)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðisfurliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

Reitur I.25. Vörulýsing: Tilgreinið viðkomandi númer úr samræmdri tollskrá (ST-númer) og yfirskriftina sem Alþjóðatollastofnunin skilgreindi eins og um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 <sup>(1)</sup>. Þessari tollalýsingu skulu fylgja, ef nauðsyn krefur, viðbótarupplýsingar sem þarf til að flokka dýrin eða afurðirnar með tilliti til heilbrigðis dýra og dýraafurða. Að auki skal tilgreina allar sértækar kröfur sem tengjast dýrunum eða eðli/vinnslu afurðanna eins og skilgreint er í viðeigandi fyrirmynd að heilbrigðisvottorði eða heilbrigðisvottorði fyrir dýr og dýraafurðir.

Svæði: að því er varðar dýr eða afurðir sem verða fyrir áhrifum af stofnun samþykktra svæða eða hólfa í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins. Svæði eða framleiðslusvæði (t.d. ef um er að ræða samlokur) skulu tilgreind eins og þau birtast í skráum Evrópusambandsins yfir samþykktar starfsstöðvar.

Að því er varðar dýr: tegund, búfjarkyn eða flokkur, auðkenningaraðferð, auðkennisnúmer, aldur, kyn, magn eða eigin þyngd og prófun.

Að því er varðar kímefni: söfnunar- eða framleiðsludagur, samþykkisnúmer miðstöðvarinnar eða hópsins, auðkenning strás og magn. Að auki, að því er varðar gjafadýr, tegund, kyn eða flokkur og auðkenning.

Að því er varðar afurðir: tegund, tegundir afurða, meðhöndlunaraðferð, samþykkisnúmer starfsstöðva ásamt ISO-kóða lands (sláturhús, vinnslustöð, kæligeymsla), fjöldi pakkninga, tegund umbúða, lotunúmer, eigin þyngd og lokaneytandi (þ.e. vörum var pakkað fyrir lokaneytanda).

Tegund: vísindaheitið eins og það er skilgreint í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins.

Tegund umbúða: tilgreinið tegund umbúða samkvæmt skilgreiningu sem er gefin í tilmælum UN/CEFACT nr. 21 <sup>(2)</sup> (e. *United Nations Centre for Trade Facilitation and Electronic Business*).

## II. hluti: Vottun

Þennan hluta verður opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður að útfylla.

Reitur II. Upplýsingar um heilbrigði: þessi hluti skal útfylltur í samræmi við þær sértæku heilbrigðiskröfur Evrópusambandsins sem varða dýrategundina eða eðli afurðanna og eins og er skilgreint í jafngildissamningum við tiltekin þriðju lönd eða í annarri löggjöf Evrópusambandsins, s.s. um vottun.

Ef ekki liggur fyrir nein dýraheilbrigðis- eða lýðheilsuvottun fyrir sendinguna skal strika yfir allan þennan hluta eða ógilda hann eða alls ekki hafa hann til staðar í samræmi við neðanmálgreinarnar í II. hluta sértækra heilbrigðisvottorða Evrópusambandsins.

Reitur II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs: sami tilvísunarkóði og kemur fram í reit I.2.

Reitur II.b. IMSOC-tilvísunarnúmer: sami tilvísunarkóði og kemur fram í reit I.2.a.

Vottunarmaður: Opinber dýralæknir eða opinber embættismaður eins og það er skilgreint í viðeigandi löggjöf Evrópusambandsins: nafn með hástöfum, menntun, hæfi og titill, eftir atvikum, auðkennisnúmer og upprunalegur stimpill lögbærs yfirvalds og dagsetning undirritunar.

<sup>(1)</sup> Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Nýjasta útgáfa: Endurskoðun nr. 9 á V. og VI. viðauka eins og hún var birt á slóðinni: <http://www.unece.org/tradewelcome/un-centre-for-trade-facilitation-and-e-business-uncefact/outputs/cefactrecommendationsrec-index/list-of-trade-facilitation-recommendations-n-21-to-24.html>

## III. VIÐAUKI

## FYRIRMYNDR AÐ OPINBERUM VOTTORÐUM VEGNA KOMU DÝRA OG AFURÐA, SEM ERU ÆTLUÐ TIL MANNELDIS, INN Í SAMBANDIÐ TIL SETNINGAR Á MARKAÐ

## I. HLUTI

## KAFLI A: FYRIRMYND AÐ OPINBERU VOTTORÐI VEGNA KOMU LIFANDI SAMLOKA, SKRÁPDÝRA, MÖTTULDÝRA OG SÆSNIGLA INN Í SAMBANDIÐ TIL SETNINGAR Á MARKAÐ

LAND				Opinbert vottorð inn í ESB			
I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi/útflytjandi			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a IMSOC-tilvísunarnúmer	
	Heiti			I.3. Miðlægt lögbært yfirvald			
	Heimilisfang			I.4. Lögbært staðaryfirvald			
	Símanúmer						
	I.5. Viðtakandi/innflytjandi			I.6. Rekstraraðili sem ber ábyrgð á sendingunni			
	Heiti			Heiti			
	Heimilisfang			Heimilisfang			
	Póstnúmer			Póstnúmer			
	Símanúmer						
	I.7. Upprunaland	ISO	I.8. Upprunasvæði	Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO	I.10. Viðtökusvæði
I.11. Sendingarstaður		Samþykkisnúmer		I.12. Viðtökustaður			
Heiti				Heiti			
Heimilisfang				Heimilisfang			
I.13. Fermingarstaður				I.14. Brottfarardagur og -tími			
I.15. Flutningatæki				I.16. Landamæraeftirlitsstöð sem er komustaður			
Flugvél	<input type="checkbox"/>	Skip	<input type="checkbox"/>	Annað	<input type="checkbox"/>	I.17. Fylgiskjöl	
Ökutæki	<input type="checkbox"/>	Járnbrautir	<input type="checkbox"/>			Tegund	
Auðkenning:						Nr.	
I.18. Flutningsskilyrði							
Við umhverfishita	<input type="checkbox"/>	Kældar	<input type="checkbox"/>	Frystar	<input type="checkbox"/>		
I.19. Númer gáms/Númer innsiglis							

## LAND

## Opinbert vottorð inn í ESB

I.20. Vörur vottaðar sem/til Manneldis <input type="checkbox"/>				
I.21.		I.22.		
I.23. Heildarfjöldi pakkninga	I.24. Magn Heildarfjöldi	Samanlögð eigin þyngd (kg)	Samanlögð heildarþyngd (kg)	
I.25. Vörulýsing				
Nr.	Kóði og SN-yfirskrift			
Tegund (vísindaheiti)		Tegund vöru		Tegund meðhöndlunar
Lokaneytandi	Fjöldi pakkninga	Stykkjunarstöð/ framleiðslustöð		Kæligeymsla
<input type="checkbox"/>		Eigin þyngd	Lotunúmer	Tegund umbúða

## LAND

## Lifandi samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsniglar

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
-----	---------------------------	--------------------------------	-------

## II. hluti: Vottun

## II.1 (1) Lýðheilsuvottun fyrir lifandi samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla

Ég, undirritaður, lýsi því yfir að mér er kunnugt um viðeigandi ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55), og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1), og votta að (4) [lifandi samlokurnar] (4) [lifandi skrápdyrin] (4) [lifandi möttuldýrin] (4) [lifandi sæsniglarnir] sem lýst er hér að framan voru framleidd í samræmi við kröfurnar í þeim, einkum að:

- þau koma frá starfsstöð eða -stöðvum sem eru með í framkvæmd áætlun sem byggist á meginreglum um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði (GáHMSS) í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004,
- þau voru fönguð og, ef nauðsyn krefur, umlögð og flutt í samræmi við I. og II. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- þau voru meðhöndluð, hreinsuð ef nauðsyn krefur og þeim pakkað í samræmi við III. og IV. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- þau uppfylla heilbrigðiskröfur sem mælt er fyrir um í V. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1),
- þeim var pakkað, þau geymd og flutt í samræmi við VI. og VIII. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- þau voru merkt og áletruð í samræmi við I. þátt II. viðauka og VII. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- ef um er að ræða diska, sæsnigla og *Holothuroidea*, sem eru ekki síarar, sem eru tekin utan flokkaðra framleiðsluvæða, uppfylla þau sértækar kröfur sem mælt er fyrir um í IX. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- þau hafa staðist opinbert eftirlit sem mælt er fyrir um í 42. til 58. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 frá 15. mars 2019 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 51) og í 7. gr. framseldrar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/624 frá 8. febrúar 2019 um sértækar reglur um framkvæmd opinbers eftirlits með framleiðslu á kjöti og með framleiðslu- og umlagningarsvæðum fyrir lifandi samlokur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 1) og
- þau uppfylla þær ábyrgðir sem ná yfir lifandi dýr og afurðir þeirra, ef þau koma úr lagareldi, sem kveðið er á um í áætlunum varðandi leifar sem lagðar eru fram í samræmi við tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra á lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE (Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10), einkum 29. gr.

## II.2 (2)(4) Dýraheilbrigðisvottun fyrir lifandi samlokur úr lagareldi

II.2.1 (3)(4) [Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir *Bonamia exitiosa*, perkinsveiki og dvergkornadreyra

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lifandi samlokurnar sem um getur í I. hluta þessa vottorðs:

## LAND

## Lifandi samlokur, skrápdyr, möttuldyr og sæsniglar

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
	<p>(<sup>5</sup>) eiga uppruna sinn í landi/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í heimalandi mínu hefur lýst yfir að sé laust við (<sup>4</sup>) [<i>Bonamia exitiosa</i>] (<sup>4</sup>) [perkinsveiki] (<sup>4</sup>) [dvergekornadreyra] í samræmi við VII. kafla tilskipunar ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006 bls. 14) eða viðeigandi staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar,</p> <p>— þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóma og opinber þjónustustofnun skal rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms og</p> <p>— allur aðflutningur tegunda sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómum kemur frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn.]</p>		
<b>II.2.2</b>	<p>(<sup>3</sup>)(<sup>4</sup>) <b>[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir martelíuveikisýkli (<i>Marteilia refringens</i>) og ostruveiki sem ætlaðar eru fyrir aðildarríki, svæði eða hólfi sem lýst hefur verið sjúkdómalaust eða fellur undir áætlun um eftirlit eða útrýmingu á viðkomandi sjúkdómi</b></p> <p>Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lifandi samlokurnar sem um getur hér að framan:</p> <p>(<sup>6</sup>) eiga uppruna sinn í aðildarríki/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í heimalandi mínu hefur lýst yfir að sé laust við (<sup>4</sup>)[martelíuveikisýkil (<i>Marteilia refringens</i>)] (<sup>4</sup>) [ostruveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar,</p> <p>i. þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóma og opinber þjónustustofnun skal rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms og</p> <p>ii. allur aðflutningur tegunda sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómum kemur frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn.]</p>		
<b>II.2.3</b>	<p><b>Kröfur um flutning og merkingar</b></p> <p>Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að:</p> <p>II.2.3.1 lifandi samlokurnar sem um getur hér að framan eru geymdar við aðstæður, þ.á. m. í tengslum við vatnsgæði, sem breyta ekki heilbrigðisástandi þeirra,</p> <p>II.2.3.2 flutningagámurinn eða brunnbáturinn er hreinn og sótthreinsaður eða hefur ekki verið notaður áður og</p> <p>II.2.3.3 sendingin er auðkennd með læsilegum merkimiða utan á flutningsumbúðunum, eða, ef sendingin er flutt með brunnbát, í farmskrá skipsins, með viðeigandi upplýsingum sem um getur í reitum I.7 til I.11 í I. hluta þessa vottorðs, og með eftirfarandi yfirlýsingu:</p> <p>„Lifandi samlokur sem eru ætlaðar til manneldis í Sambandinu“.</p>		
	<p><b>Athugasemdir</b></p> <p><b>Sjá athugasemdir í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/628 frá 8. apríl 2019 um fyrirmyndir að opinberum vottorðum fyrir tiltekin dýr og vörur og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 að því er varðar þessar fyrirmyndir að vottorðum (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019 bls. 101)</b></p>		
	<p><b>I. hluti:</b></p> <p>— Reitur I.8: Upprunasvæði: tilgreinið framleiðslusvæðið.</p>		
	<p><b>II. hluti:</b></p> <p>(<sup>1</sup>) Hluti II.1 á <u>ekki</u> við um lönd með sérstakar kröfur um heilbrigðisvottun sem mælt er fyrir um í jafngildissamningum eða annarri löggjöf Sambandsins.</p> <p>(<sup>2</sup>) Hluti II.2 á ekki við um:</p> <p>a) ólífvænleg lindýr, þ.e. lindýr sem eru ófær um að lifa af ef þau eru sett aftur í það umhverfi sem þau voru tekin úr,</p> <p>b) lifandi samlokur, sem eru settar á markað til manneldis án frekari vinnslu, að því tilskildu að þeim sé pakkað í smásölupakkingar sem samræmast ákvæðum um slíka þökkun í reglugerð (EB) nr. 853/2004,</p>		



## LAND

## Lifandi samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsniglar

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
	<p>c) lifandi samlokur, sem eiga að fara í vinnslustöðvar, sem fengið hafa leyfi í samræmi við 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/88/EB, eða í afgreiðslustöðvar, hreinsunarstöðvar eða svipuð fyrirtæki sem eru búin frárennslisshreinsunarkerfi sem gerir viðkomandi sjúkdómsvalda óvirka eða þar sem frárennslíð er meðhöndlað á einhvern annan hátt sem dregur svo mikið úr áhættu á að sjúkdómar berist í náttúrulegt vatn að viðunandi teljist,</p>		
	<p>d) lifandi samlokur sem ætlaðar eru til frekari vinnslu áður en þær eru notaðar til manneldis, án tímabundinnar geymslu á vinnslustað, og er pakkað og þær merktar í þeim tilgangi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004.</p>		
(3)	<p>Hlutar II.2.1 og II.2.2 eiga <u>einungis</u> við um tegundir sem eru næmar fyrir einum eða fleiri af sjúkdómum sem um getur í yfirskriftinni. Smitnæmar tegundir eru taldar upp í IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.</p>		
(4)	<p>Strikið út það sem á ekki við.</p>		
(5)	<p>Ef um er að ræða sendingar með tegundum sem eru smitnæmar fyrir <i>Bonamia exitiosa</i>, perkinsveiki og dvergkornadreyra verður að vera hægt að framvísa þessari yfirlýsingu til að leyfi fáiast fyrir flutningi á sendingunni inn í einhvern hluta Sambandsins.</p>		
(6)	<p>Til að leyfi fáiast fyrir flutningi inn í aðildarríki, svæði eða hólfi (reitir I.9 og I.10 í I. hluta vottorðsins) sem lýst hefur verið laust við martelíuveikisýkil (<i>Marteilia refringens</i>) eða ostruveiki, eða er með eftirlitsáætlun eða áætlun um útrýmingu sem komið var á fót í samræmi við 1. eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, verður að vera hægt að framvísa einni af þessum yfirlýsingum ef sendingin inniheldur tegundir sem eru smitnæmar fyrir sjúkdómi/sjúkdómum sem sjúkdómaleysið eða áætlunin/áætlanirnar gildir/gilda um. Gögn um sjúkdómsstöðu hverrar eldisstöðvar og lindýraeldissvæðis í Sambandinu eru aðgengileg á vefslóðinni <a href="http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/aquaculture/index_en.htm">http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/aquaculture/index_en.htm</a></p>		
—	<p>Stimpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu.</p>		
Opinber skoðunarmaður			
	Nafn (með hástöfum):	Menntun, hæfi og titill:	
	Dagsetning:	Undirskrift:	
	Stimpill:		

**KAFLI B: FYRIRMYND AÐ OPINBERRI VIÐBÓTARHEILBRIGÐISVOTTUN FYRIR UNNAR SAMLOKUR AF TEGUNDINNI  
ACANTHOCARDIA TUBERCULATUM**

Opinber skoðunarmaður vottar hér með að unnu samlokurnar af tegundinni *Acanthocardia tuberculatum* sem eru vottaðar í heilbrigðisvottorði með tilvísunarnúmerið: .....

1. voru teknar á framleiðslusvæðum sem eru auðkennd á skýran hátt, vöktuð og heimiluð af hálfu lögbærs yfirvalds í samræmi við 12. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019 bls. 18) og innihald lamandi skelfiskseiturs (PSP) í ætum hlutum þessara lindýra er undir 300 µg í 100 g,

2. voru fluttar, í gámum eða ökutækjum sem lögbært yfirvald innsiglaði, beint til starfsstöðvarinnar:

.....  
.....

(heiti og opinbert samþykkisnúmer starfsstöðvarinnar sem er með sérstakt leyfi frá lögbæru yfirvaldi til að annast meðhöndlun þeirra)

3. þeim fylgdi, á meðan á flutningi þeirra stóð til þessarar starfsstöðvar, skjal sem lögbæra yfirvaldið gaf út þar sem veitt er heimild fyrir flutningnum og staðfesting á eðli og magni afurðarinnar, upprunasvæði hennar og starfsstöðinni sem er áfangastaður hennar,

4. fengu hitameðhöndlunina sem er lýst í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB frá 18. janúar 1996 um skilyrði fyrir tekju og vinnslu á tilteknum samlokum frá svæðum þar sem magn lamandi skelfiskseiturs er yfir þeim mörkum sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 91/495/EBE (Stjtið. EB L 15, 20.1.1996 bls. 46) og

5. innihalda ekki nógu mikið magn lamandi skelfiskseiturs til að það greinist með lífgreiningaraðferð, eins og sýnt er fram á í meðfylgjandi greiningarskýrslu(m) um prófanir sem framkvæmdar voru á hverri framleiðslueiningu í sendingunni sem þessi vottun nær til.

Opinber skoðunarmaður vottar hér með að lögbært yfirvald hefur staðfest að hinu „innra heilbrigðiseftirliti“, sem fram fer í starfsstöðinni sem um getur í 2. lið, er sérstaklega beitt við hitameðhöndlunina sem um getur í 4. lið.

Undirritaður opinber skoðunarmaður lýsir því hér með yfir að hann/hún hefur vitneskju um ákvæði ákvörðunar 96/77/EB og að meðfylgjandi greiningarskýrsla/-skýrslur samsvara(r) prófuninni sem gerð fram á afurðunum eftir vinnslu.

Opinber skoðunarmaður	
Nafn (með hástöfum):	Menntun, hæfi og titill:
Dagsetning:	Undirskrift:
Stimpill:	

## II. HLUTI

## KAFLI A: FYRIRMYND AÐ OPINBERU VOTTORÐI VEGNA KOMU LAGARAFURÐA INN Í SAMBANDIÐ TIL SETNINGAR Á MARKAÐ

LAND				Opinbert vottorð inn í ESB					
I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi/útflytjandi			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a IMSOC-tilvísunarnúmer				
	Heiti			I.3. Miðlægt lögbært yfirvald					
	Heimilisfang			I.4. Lögbært staðaryfirvald					
	Símanúmer								
	I.5. Viðtakandi/innflytjandi			I.6. Rekstraraðili sem ber ábyrgð á sendingunni					
	Heiti			Heiti					
	Heimilisfang			Heimilisfang					
	Póstnúmer			Póstnúmer					
	Símanúmer								
	I.7. Upprunaland	ISO	I.8. Upprunasvæði	Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO	I.10.		
I.11. Sendingarstaður		Samþykkisnúmer		I.12. Viðtökustaður					
Heiti				Heiti					
Heimilisfang				Heimilisfang					
I.13. Fermingarstaður				I.14. Brottfarardagur og -tími					
I.15. Flutningatæki				I.16. Landamæraeftirlitsstöð sem er komustaður					
Flugvél	<input type="checkbox"/>	Skip	<input type="checkbox"/>	I.17. Fylgiskjöl					
Ökutæki	<input type="checkbox"/>	Járnbrautir	<input type="checkbox"/>				Tegund Nr.		
Auðkenning:									
I.18. Flutningsskilyrði									
Við umhverfishita	<input type="checkbox"/>	Kældar	<input type="checkbox"/>						
		Frystar	<input type="checkbox"/>						
I.19. Númer gáms/Númer innsiglis									

## LAND

## Opinbert vottorð inn í ESB

I.20. Vörur vottaðar sem/til Niðurlagningariðnaður <input type="checkbox"/>  Manneldis <input type="checkbox"/>				
I.21.		I.22.		
I.23. Heildarfjöldi pakkninga	I.24. Magn Heildarfjöldi	Samanlögð eigin þyngd (kg)	Samanlögð heildarþyngd (kg)	
I.25. Vörulýsing				
Nr.	Kóði og SN-yfirskrift			
Tegund (vísindaheiti)		Tegund vöru Skip/framleiðslustöð		Tegund meðhöndlunar Kæligeymsla
Lokaneytandi <input type="checkbox"/>	Fjöldi pakkninga	Eigin þyngd	Lotunúmer	Tegund umbúða

LAND	Lagarafurðir	
II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs
II.1.	<b>(<sup>1</sup>) Lýðheilsuvottun</b>	
II. hluti: Vottun	<p>Ég, undirritaður, lýsi því yfir að mér er kunnugt um viðeigandi ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55), og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1), og votta að lagarafurðirnar sem lýst er hér að framan voru framleiddar í samræmi við kröfurnar í þeim, einkum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— þær koma frá starfsstöð eða -stöðvum sem eru með í framkvæmd áætlun sem byggist á meginreglum um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði (GáHMSS) í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004,</li> <li>— þær voru veiddar og meðhöndlaðar um borð í skipum, þeim landað, þær meðhöndlaðar og eftir því sem við á, tilreiddar, unnar, frýstar og afþíddar samkvæmt reglum um hollustuhætti í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. til IV. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,</li> <li>— þær uppfylla heilbrigðiskröfur sem mælt er fyrir um í V. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1),</li> <li>— þeim var pakkað, þær geymdar og fluttar í samræmi við VI. til VIII. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,</li> <li>— þær voru merktar í samræmi við I. þátt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,</li> <li>— þær uppfylla þær ábyrgðir sem ná yfir lifandi dýr og afurðir þeirra, ef þær koma úr lagareldi, sem kveðið er á um í áætlunum varðandi leifar sem lagðar eru fram í samræmi við tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE (Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10), einkum 29. gr. og</li> <li>— þær hafa staðist opinbert eftirlit sem mælt er fyrir um í 59. til 65. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 frá 15. mars 2019 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 51).</li> </ul>	
	II.2	<b>(<sup>2</sup>)(<sup>4</sup>) Dýraheilbrigðisvottun fyrir fisk og krabbadýr úr lagareldi</b>
II.2.1	<b>(<sup>3</sup>)(<sup>4</sup>) [Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir blóðmyndandi drepri, rauðhala og gulhöfðaveiki</b>	
<p>Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin eða afurðir þeirra sem um getur í I. hluta þessa vottorðs:</p>		
<p>(<sup>5</sup>) eiga uppruna sinn í landi/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í heimalandi mínu hefur lýst yfir að sé laust við (<sup>4</sup>) [blóðmyndandi drep] (<sup>4</sup>) [rauðhala] (<sup>4</sup>) [gulhöfðaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006 bls. 14) eða viðeigandi staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar,</p>		
<p>i. þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóma og lögbært yfirvald skal rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms,</p>		
<p>ii. allur aðflutningur tegunda sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómum kemur frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn og</p>		

LAND		Lagarafurðir	
II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
	iii. tegundir sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómum hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómum]		
<b>II.2.2</b>	<p><sup>(3)</sup><sup>(4)</sup> [Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, iðradrepi, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki og hvítblettaveiki, sem ætlaðar eru fyrir aðildarríki, svæði eða hólif sem lýst hefur verið sjúkdómalaust eða fellur undir áætlun um eftirlit eða útrýmingu á viðkomandi sjúkdómi</p> <p>Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin eða afurðir þeirra sem um getur í I. hluta þessa vottorðs:</p> <p><sup>(6)</sup> eiga uppruna sinn í landi/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í heimalandi mínu hefur lýst yfir að sé laust við <sup>(4)</sup>[veirublæði] <sup>(4)</sup>[iðradrep] <sup>(4)</sup>[blóðþorra] <sup>(4)</sup>[skjónakarpaherpesveiki] <sup>(4)</sup>[hvítblettaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar,</p> <p>i. þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóma og lögbært yfirvald skal rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms,</p> <p>ii. allur aðflutningur tegunda sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómum kemur frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn og</p> <p>iii. tegundir sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómum hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómum]</p>		
<b>II.2.3</b>	<b>Kröfur um flutning og merkingar</b>		
	Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að:		
II.2.3.1	lagareldisdýrin sem um getur hér að framan eru geymd við aðstæður þar sem vatnsgæði breyta ekki heilbrigðisástandi þeirra,		
II.2.3.2	fyrir fermingu var flutningagámurinn eða brunnbáturinn hreinn og sóthreinsaður eða hafði ekki verið notaður áður og		
II.2.3.3	sendingin er auðkennd með læsilegum merkimiða utan á gáminum, eða, ef sendingin er flutt með brunnbát, í farmskrá skipsins, með viðeigandi upplýsingum, sem um getur í reitum I.7 til I.11 í I. hluta þessa vottorðs, og með eftirfarandi yfirlýsingu:		
	„ <sup>(4)</sup> [Fiskur] <sup>(4)</sup> [krabbadýr] til manneldis í Sambandinu“.		
<b>Athugasemdir</b>			
Sjá athugasemdir í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/628 frá 8. apríl 2019 um fyrirmyndir að opinberum vottorðum fyrir tiltekin dýr og vörur og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 að því er varðar þessar fyrirmyndir að vottorðum (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019 bls. 101)			
<b>I. hluti:</b>			
—	Reitur I.8: Upprunasvæði: Fyrir frystar eða unnar samlokur, tilgreinið framleiðslusvæðið.		
—	Reitur I.20: Merkið við „niðurlagningariðnaður“ fyrir heilan fisk sem var upphaflega frystur í saltþækli við –9 °C eða við hærra hitastig en –18 °C og er ætlaður til niðurlagningar í samræmi við kröfurnar í 7. lið II. liðar I. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Merkið við „til manneldis“ fyrir önnur tilvik.		
—	Reitur I.25: Setjið inn viðeigandi númer úr samræmdri tollskrá (ST-númer), s.s.: 0301, 0302, 0303, 0304, 0305, 0306, 0307, 0308, 0511, 1504, 1516, 1518, 1603, 1604, 1605 eða 2106.		
—	Reitur I.25:	<i>Tegund vöru:</i> tilgreinið hvort um er að ræða lagareldi eða villtan uppruna.	
		<i>Tegund meðhöndlunar:</i> tilgreinið hvort um er að ræða lifandi, kæld, fryst eða unnin.	
		<i>Framleiðslustöð:</i> þ.m.t. verksmiðjuskip, frystiskip, kælskip, kæligeymsla og vinnslustöð.	
<b>II. hluti:</b>			
(1)	Hluti II.1 í þessu vottorði á ekki við um lönd með sérstakar kröfur um heilbrigðisvottun sem mælt er fyrir um í jafngildissamningum eða annarri löggjöf ESB.		

## LAND

## Lagarafurðir

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
(2)	<p>Hluti II.2 í þessu vottorði <u>á ekki</u> við um:</p> <p>a) ólífvænleg krabbadýr, þ.e. krabbadýr sem eru ófær um að lifa af ef þau eru sett aftur í það umhverfi sem þau voru tekin úr,</p> <p>b) fiska sem hefur verið slátrað og þeir slægðir fyrir brottsendingu,</p> <p>c) lagareldisdýr og afurðir þeirra, sem eru sett á markað til manneldis án frekari vinnslu, að því tilskildu að þeim sé pakkað í smásölupakkningar sem samrýmast ákvæðum um slíka pökkun í reglugerð (EB) nr. 853/2004,</p> <p>d) krabbadýr, sem eiga að fara í vinnslustöðvar, sem fengið hafa leyfi í samræmi við 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/88/EB, eða í afgreiðslustöðvar, hreinsunarstöðvar eða svipuð fyrirtæki sem eru búin frárennslisshreinsunarkerfi sem gerir viðkomandi sjúkdómsvalda óvirka eða þar sem frárennslid er meðhöndlað á einhvern annan hátt sem dregur svo mikið úr áhættu á að sjúkdómar berist í náttúrulegt vatn að viðunandi teljist og</p> <p>e) krabbadýr, sem ætluð eru til frekari vinnslu áður en þau eru notuð til manneldis, án tímabundinnar geymslu á vinnslustað og er pakkað og þau merkt í þeim tilgangi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004.</p> <p>(3) Hlutar II.2.1 og II.2.2 í þessu vottorði eiga <u>eingöngu</u> við um tegundir sem eru smitnæmar fyrir einum eða fleiri af sjúkdómum sem um getur í yfirskrift viðkomandi liðar. Smitnæmar tegundir eru taldar upp í IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.</p> <p>(4) Strikið út það sem á ekki við.</p> <p>(5) Ef um er að ræða sendingar með tegundum sem eru smitnæmar fyrir blóðmyndandi drepri, rauðhala og/eða gulhöfðaveiki verður að vera hægt að framvísa þessari yfirlýsingu til að leyfi fáiast fyrir flutningi á sendingunni inn í einhvern hluta ESB.</p> <p>(6) Til að leyfi fáiast fyrir flutningi inn í aðildarríki, svæði eða hól (reitir I.9 og I.10 í I. hluta vottorðsins) sem lýst hefur verið laust við veirublæði, iðradrep, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki eða hvítblettaveiki, eða er með eftirlitsáætlun eða áætlun um útrýmingu sem var gerð í samræmi við 1. eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, verður að vera hægt að framvísa einni af þessum yfirlýsingum ef sendingin inniheldur tegundir sem eru smitnæmar fyrir sjúkdómi/sjúkdómum sem sjúkdómaleysið eða áætlunin/áætlanirnar gildir/gilda um. Gögn um sjúkdómsstöðu hveirar eldisstöðvar og lindýraeldissvæðis í Sambandinu eru aðgengileg á vefslóðinni <a href="http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/aquaculture/index_en.htm">http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/aquaculture/index_en.htm</a>.</p> <p>— Stimpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu.</p>		
<p>Opinber skoðunarmaður</p> <p>Nafn (með hástöfum): _____ Menntun, hæfi og titill: _____</p> <p>Dagsetning: _____ Undirskrift: _____</p> <p>Stimpill: _____</p>			

**KAFLI B: FYRIRMYND AÐ OPINBERU VOTTORÐI FYRIR LAGARAFURÐIR, SEM ERU VEIDDAR AF SKIPUM SEM SIGLA UNDIR FÁNA AÐILDARRÍKIS OG FLUTTAR TIL Í ÞRÍÐJU LÖNDUM, MEÐ EÐA ÁN GEYMSLU**

